

# Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar maí 1994 – maí 1995

## Sýningar

Sýning vetrarins 1993–94 bar heitið *HUGMYND-HÖGGMYND*. Markmið sýningarinnar var að lýsa ferli listaverks frá hugmynd til fullbúinnar myndar, og í því sambandi voru til sýnis frumdrög, skissur og ýmis verkfæri og tæki úr vinnustofu Sigurjóns. Var sýningin sérstaklega miðuð við skólanemendur þótt hún ætti erindi við alla aldurshópa.

Aðalsýning Listasafns Sigurjóns Ólafssonar á árinu 1994 var haldin í tilefni af 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins. Hún var framlag safnsins til Listahátíðar og bar heitið *Íslandsmerki og súlur Sigurjóns* og var sýnd á tímabilinu 3/6 1994 – 15/1 1995. Sýningin var unnin út frá listaverkinu *Íslandsmerki*, sem Sigurjóni var falið að vinna í minningu 25 ára afmælis lýðveldisins 1969. Verkið stóð lengi við Hótel Sögu og verður væntanlega reist aftur á Hagatorgi eftir viðamikla viðgerð. Gefin var út 70 blaðsíðna sýningarskrá með rannsóknarritgerð eftir Auði Ólafsdóttur listfræðing, og ítarlegar upplýsingar um hvert verk á sýningunni. Birgitta Spur ritaði formála og birt var ljóð við eitt verkanna á sýningunni eftir Susönnu Jörn. Menntamálaráðherra Ólafur G. Einarsson opnaði sýninguna þann 3. júní 1994 að forseta Íslands viðstöddum.

Í byrjun ársins 1995 stóð Listasafn Sigurjóns ásamt Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, að mikilli höggmyndasýningu með liðlega fjörutíu verkum eftir fimm norræna myndhöggvara, þá Bror Hjorth, Sigurjón Ólafsson, Mauno Hartman, Bjørn Nørgaard og Gunnar Torvund. Sýningin var liður í norrænu menningarhátíðinni SÓL-STÖFUM og bar heitið *Frá þrívísma til póstmóðernisma*. Hún spannaði sjö áratugi (frá 1923 til 1994) og með henni var ætlunin að draga fram helstu einkenni og strauma í höggmyndalist aldarinnar eins og þau birtast í verkum þessara listamanna. Sýningin er með stærstu höggmyndasýningum, sem settar hafa verið upp hérlendis, og voru salarkynni beggja safna notuð. Það var mikill viðburður að fá verk eftir þessa listamenn hingað til lands enda fékk sýningin frábærar viðtökur gesta og listgagnrýnenda. Gefin var út vegleg sýningarskrá og veggspjald.

Sýningin hlaut styrki frá Norræna menningarsjóðnum, menntamálaráðuneyti Íslands, norrænum sendiráðum á Íslandi og íslenskum stuðningsaðilum.

Verndari sýningarinnar var forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir og var hún viðstödd opnunina ásamt erlendum gestum sýningarinnar, þeim Mauno Hartman myndhöggvara, Peter Iiskola, Gunnari Torvund myndhöggvara og Küllike Montgomery safnstjóra frá safni Bror Hjorths.

Þann 22. apríl 1995 var opnuð í safninu sýning á andlitsmyndum Sigurjóns undir heitinu *Þessir kollóttu steinar*. Er þetta í annað sinn sem efnt er til slíkrar sýningar, sú fyrri var haldin í tengslum við Listahátíð 1990. Með sýningunni er meðal annars ætlunin að vekja athygli á myndbandi með sama heiti, sem safnið lét gera 1992. Mun sýningin standa út árið, en ráðgert er að skipta um einstök verk á sýningartímanum.

## Þriðjudagstónleikar

Sumartónleikar safnsins árið 1994 voru með líku sniði og undanfarin ár. Eru þetta tónleikar sem standa í 60 mínútur án hlés. Samtals voru haldnir 12 þriðjudagstónleikar og komu þar fram 29 hljóðfæraleikarar.

## Aðrir tónleikar

Auk hinna föstu þriðjudagstónleika voru haldnir sjö tónleikar í safninu. Yfirlit yfir alla þessa tónleika fylgir sem viðauki með skýrslunni.

## Önnur starfsemi

Eins og undanfarin ár var salur safnsins rammi um samkomur og móttökur og má nefna að fram fór úthlutun úr Pokasjóði LANDVERNDAR þann 15. júní. Þann 16.11.94 var afhending á viðurkenningu úr Menningarsjóði Íslandsbanka til Wolfgang Schiffer.

- 4.07.1994: Vínafélag Pompidousafnsins í París heimsótti safnið ásamt Laufeyju Helgadóttur, listfræðingi. Boðið upp á kaffi.
- 12.08.1994: Kvöldverður í safninu fyrir 30 þátttakendur í Ráðstefnu norrænna listamannasafna.
- 15.08.1994: Alþjóðleg vísindaráðstefna STUMLAD hélt móttöku í safninu fyrir 60 mótsgesti. Veitt kamparvín, tónlist og leiðsögn.
- 31.08.1994: Ráðstefna norrænna borgarminjavarða heimsótti safnið.
- 13.11.1994: Spænski arkitektinn Enric Mirales kom í heimsókn ásamt konu sinni og Sveini Bragasynti, arkitekt.

## Uppsetning listaverka í Reykjavík

*Íslandsmerki* og *Gríma* bíða enn uppsetningar á vegum Reykjavíkurborgar.

*Skrúfan*, fjögurra metra há súla, sem Sigurjón steypiti í steinsteypu árið 1968 og stóð við vinnustofu hans, varð fyrir vinnuvél og skemmdist á meðan á endurbyggingu vinnustofunnar stóð. Þessi upprétta, þrívíða gerð myndarinnar markar upphaf að mikilvægum súlnamyndum Sigurjóns svo sem *Íslandsmerki* og *Öndvegissúlum* við Höfða, en verkið sést sem lárétt form á framhlið Búrfellsvirkjunar. Ekki var talið mögulegt að gera við steinsteypu Skrúfuna og var hún því endurgerð í sýrufast stál og hefur Erlingur Jónsson myndhöggvari haft veg og vanda af því. Leitað var bæði til ríkis og borgar um sérstakt framlag til verkefnisins, en án árangurs. Hins vegar lögðu *stuðningsaðilar safnsins* fram næganlega styrki til verksins, og *Erlingur Jónsson* gaf alla vinnu sína. Myndin var tilbúin til uppsetningar á lóð safnsins sumarið 1994. Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar Guðrún Jónsdóttir afhjúpaði *Skrúfuna* þann 21. október 1994 við hátíðlega athöfn.

## Skráning, rannsóknir og kynning

Heildarskráningu verka Sigurjóns Ólafssonar er lokið og eitt stærsta verkefni safnsins á næstu árum er útgáfa á bók um Sigurjón, list hans og æviferil. Málið er enn á undirbúningsstigi en nauðsynlegt er að hrinda þessu verki í framkvæmd sem allra fyrst.

Myndbandið um *andlitsmyndir Sigurjóns*, sem hlaut silfurverðlaun í alþjóðlegri samkeppni í Bandaríkjunum vorið 1994, hefur verið sýnt á farandsýningu um Norðurlönd 1994-95. Myndin var sýnd þann 17.03.1995 í Norræna Húsinu í Reykjavík sem liður í Norrænni menningarhátíð SÓLSTÖFUM. Ekki hafa enn náðst samningar við söluaðila um dreifingu, en bandið hefur verið sent listasöfnum (hélendis og erlendis) og áhugafólki um myndlist.

Myndin var endursýnd í RÚV 29.09.94 á meðan Norræn kvikmyndahátíð stóð yfir og einnig var hún kynnt í grein eftir Gísla Sigurðsson í Lesbók Morgunblaðsins 24. september 1994.

## Útgáfustarfsemi

Safnið gaf síðast út árbók haustið 1993 og er því kominn tími fyrir næsta tvíæring. Óvíst er hvenær verður ráðist í útgáfu næstu árbókar því ekki hefur reynst mögulegt að gefa út nema eitt rit á ári. Gefnar hafa verið út vandaðar sýningarskrár með íslenskum og enskum texta bæði árið 1994 og 1995. Safnið er í bókaskiptasambandi við mörg helstu listasöfn á Norðurlöndum og víðar.

Eins og fyrr var getið er umfangsmikið útgáfuverkefni framundan, BÓKIN UM SIGURJÓN.

## Ráðstefnur

Birgitta Spur sótti alþjóðlega ráðstefnu um list Edvard Munch, sem haldin var í Munch safninu í Oslo dagana 14. – 18. apríl 1994. Hún hafði þá einnig tækifæri til að

fylgjast með vinnu Erlings Jónssonar við *Skrúfunu* og frágang á verkinu *Þrenning*, sem verið var að steypa í brons hjá Kristiania Kunst & Metalstøberi. Í sömu ferð náði hún tengslum við safnafólk, skoðaði söfn og sýningar, einnig í Danmörku.

Ráðstefna norræna listamannasafna var haldin á Íslandi dagana 12. – 14. ágúst 1994. Listasafn Sigurjóns vann að undirbúningi hennar ásamt forstöðumönnum Listasafns Einars Jónssonar og safns Ásgríms Jónssonar. Ráðstefnan var styrkt af Norræna Menningar-sjóðnum og hana sóttu 25 safnstjórar frá öllum Norðurlöndum.

Forstöðumaður LSÓ sótti árlegan norrænan sýningarfund á vegum SVEABORGAR, sem að þessu sinni var haldinn á Louisiana safninu í Danmörku 17. og 18. nóvember 1994. Tókust gagnleg kynni við norræna safnstjóra og unnið var að undirbúningi fyrir sýninguna *Frá þríttívisma til póstmóðernisma*, sem sýnd var í safninu snemma árs 1995. Drög voru gerð að sýningu klippimynda eftir dönsku listakonuna Gunhild Skovmand í LSÓ sumarið 1995, eins og fyrr var getið. Einnig var farin ferð til Lundar og talað við safnstjóra við Skissernas Museum, en á því safni eru 3 verk eftir Sigurjón, meðal annars frumskissa í gífsi af stytta séra Friðriks (60x30x42). Safnstjórinn var jákvæður við fyrirspurn B.Sp. um að láta gera bronsafsteypu af þessu verki í varðveisluskyni. LSÓ yrði þá að finna leiðir til fjármögnunar.

B.Sp. sat málþing um menningarmál, sem boðið var til af borgarstjóranum í Reykjavík og var haldið þann 14. jan. 1995.

Norrænn sýningarfundur fyrir árið 1995 var haldinn í Madrid 30.03-2.04 í tengslum við Norrænu menningarháttíðina *Undir Pólstjörnninni* (Bajo la Estrella Polar). Forstöðumaður LSÓ sótti fundinn, fór á söfn, sýningar, tónleika og var margs fróðari.

### Aðföng og gjafir

- Á vordögum 1994 barst safninu að gjöf frá hjónunum Ferdinand Þ. Ferdinandssyni og Marsibil Jónsdóttur lítið málverk eftir Sigurjón frá 1922 af gamla bænum að *Kolviðarhóli*. Myndin, sem er máluð með olíu á masónít, var gjöf frá Sigurjóni til systur sinnar, Magneu, móður Ferdinands.
- Sigríður Ásmundsdóttir færði safninu að gjöf gífsmódel að andlitsmynd af *Jakobi Gíslasyni*, orkumálastjóra.
- Eins og áður var getið hefur safnið eignast útilistaverkið *Skrúfan* í stáli, endurgerð af eldra verki, sem sett var upp haustið 1994.
- Verkið *Þrenning* 1970 (LSÓ 054a, h. 53 cm) hefur verið steypit í brons í tilefni sýningarinnar *Íslandsmerki og súlur Sigurjóns*.
- Með góðum stuðningi frá styrktarfélagum safnsins hefur safnið keypt eitt af lykilverkum Sigurjóns frá fjórða áratugnum. Þetta er *Þrá* (1939), gífs á tréplötu, og er með fyrstu abstraktmyndum hans. Verkið hefur verið í einkaeigu í Danmörku og aldrei sýnt fyrr en á norrænu höggmyndasýningunni *Frá þríttívisma til póstmóðernisma* 1995. Er það mikill fengur fyrir safnið að eignast þessa merka mynd.
- Enn hafa fundist nokkrar vangamyndir og gífsportrett eftir Sigurjón þegar opnaðir voru kassar, sem höfðu verið í geymslu hjá Steinsmiðju S. Helgason frá árinu 1985. Þær eru allar skrásettar sem eign safnsins og eru sumar sýndar á portrettsýningunni *Þessir kollóttu steinar* í safninu sumarið 1995. Um er að ræða vangamyndir af eftirtöldum: *Ragnari Ólafssyni*, 1977, *Páli Hallgrímssyni*, sýslumanni, 1971, *Óttarri Möller*, 1976, *Halldóri H. Jónssyni*, 1976, *Benedikt Björnssyni*, 1976, *Hjálmar Vilhjálmsyni*, 1977, *Bergi Gíslasyni*, 1978 – 79, *Kristjáni Guðlaugssyni*, 1978 – 79, og andlitsmynd af *Tómasi Guðmundssyni*, 1971.

### Safnmunir

Skráð listaverk í eigu LSÓ voru um áramótin 1994–95 alls 347. Skráð verk 15.05.95 eru 356.

### Tækjakaup

Á árinu 1994 festi safnið kaup á faxtæki, hinu mesta þarfapingi, og var meðal annars ómissandi við undirbúning á norrænu höggmyndasýningunni.

Tækjakaup ársins 1995 var vandað sjónvarps- og myndbandstæki til þess að geta sýnt myndbönd safnsins á sómasamlegan hátt. Ekki náðist meiri afsláttur á tækjunum en hefðbundið tilboðsverð, en safnið seldi söluþyrirtækinu tvær litlar afsteypur og lækkaði þannig verðið um 15.000 kr.

## **Útlán listaverka**

Vegna geymsluvanda safnsins hafa nokkur frumverk verið lánuð út að staðaldri án endurgjalds. Á árinu 1994 voru 3 verk varðveitt og til sýnis í Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

Um mánaðamótin maí-júní 1994 voru 6 verk lánuð HEKLU HF í tilefni af afmælishátíð fyrirtækisins. Ingimundur Sigfússon hafði áhuga á að fá að geyma verkin áfram, en þar sem hann dró sig út úr fyrirtækinu varð ekkert úr því. LSÓ þurfti þess vegna að finna aðra geymslu fyrir þessi verk, þar eð safnið hafði orðið að taka heim öll verk úr bráðabirgðageymslu hjá steinsmiðju S.Helgasonar í Kópavogi. Leitað var til Jóns Magnússonar hjá Johan Rönnung hf., sem fúslega leysti úr vanda safnsins, og voru verkin sex sett upp í stigaganga Sundaborgar v. Kleppsveg, svo verk Sigurjóns eru nú bæði utan og innan dyra þar.

B.Sp. hefur nefnt við Val Valsson í Íslandsbanka að fá að setja verk í fóstur hjá honum, þegar bankinn flytur höfuðstöðvar sínar í nágrennið. Var þessari beiðni vel tekið.

## **Fjöldi safngesta**

Gestir í safninu voru um 4.500 á árinu 1994. Tekið á móti hópum utan opnunartímans og veitt leiðsögn ef þess er óskað.

## **Aðgangseyrir**

Aðgangseyrir að sýningum safnsins hefur verið óbreyttur undanfarin ár: kr. 200 fyrir fullorðna og frítt fyrir börn.

## **Fastir starfsmenn**

Í föstu starfi hjá safninu eru nú forstöðumaður í fullu starfi og Geirfinnur Jónsson í hlutastarfi. Lausráðnir starfsmenn eru að jafnaði tiltækir til gæslustarfa.

## **Stjórn LSÓ skipa**

Birgitta Spur, (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Aðalsteinn Ingólfsson, Anna Einarsdóttir og Gísli Sigurðsson. Varamenn eru Geirfinnur Jónsson og Karólína Eiríksdóttir. Stjórnarfundir voru haldnir 2. mars og 15. des 1994.

## **Fulltrúaráð LSÓ skipa**

Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Ingi R. Helgason (formaður), Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Ólafur Ó. Johnson, Pétur Guðmundsson og Sigmundur Guðbjarnason.

## **Stjórn Styrktarsjóðs LSÓ skipa**

Baldvin Tryggvason, Birgitta Spur og Matthías Johannessen.

## **Endurskoðandi safnsins**

er Bjarni Bjarnason, löggiltur endurskoðandi.

# TÓNLEIKAR Í LSÓ

## árið 1994

- 15/3 Tónlistarskólinn í Reykjavík. Burtfararprófstónleikar **Gunnars Þorgeirssonar**, óbó og enskt horn
- 19/4 Sönghópurinn **Sólarmegin**
- 8/5 **Matej Šarc** óbó og **Steinunn Birna Ragnarsdóttir** píanó
- 19/5 Söngskólinn í Reykjavík. Burtfararprófstónleikar **Ásdísar Gísladóttur** sópran
- 21/6 Bernardel strengjakvartettinn, **Zbigniew Dubik** fiðla, **Greta Guðnadóttir** fiðla, **Guðmundur Kristmundsson** lágfíðla og **Guðrún Th. Sigurðardóttir** selló
- 28/6 **Sigurbjörn Bernharðsson**, fiðla og **Kristinn Örn Kristinsson**, píanó
- 5/7 **Svava Bernharðsdóttir**, víóla, **Matej Šarc**, óbó, **David Knowles Játvarðsson**, sembal og **Nora Kornblueh**, selló
- 12/7 **Hólmfríður Benediktsdóttir** söngkona og **Helga Bryndís Magnúsdóttir**, píanóleikari
- 19/7 **Hlíf Sigurjónsdóttir**, fiðla og **David Tutt**, píanó
- 26/7 **Hávarður Tryggvason**, kontrabassi og **Steinunn Birna Ragnarsdóttir**, píanó
- 2/8 Söngkonurnar **Margrét Bóasdóttir** og **Beate Echtler-Kaller** ásamt **Stephan Kaller**, píanóleikara
- 9/8 **Ingibjörg Guðjónsdóttir**, söngkona og **Páll Eyjólffsson** gítarleikari
- 16/8 **Sigrún Eðvaldsdóttir** fiðluleikari og **Selma Guðmundsdóttir** píanóleikari
- 18/8 **Daníel Þorsteinsson** píanó
- 23/8 **Hólmfríður Þóroddsdóttir** óbó, **Darren Stonham**, fagott og **Sólveig Anna Jónsdóttir** píanó
- 30/8 **Nicholas Milton**, fiðla og **Nína Margrét**, píanó. Útvarpsupptaka
- 14/9 **Friðrik Óðinn Þórarinsson**, flauta og **Peter Máté** píanó
- 12/10 **Svipmyndir Páls Ísólffssonar** á vegum Íslenskrar tónverkamiðstöðvar
- 17/12 Nemendatónleikar **Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar**